

Fjárfestakynning

1H 2023

17. ágúst 2023

Ásgeir Helgi Reykförð Gylfason, forstjóri

SKEL
FJÁRFESTINGAFÉLAG

Kalkofnsvegur 2
101 Reykjavík

skel@skel.is
www.skel.is

Okkar **hlutverk** er að þróa
tækifæri með langtíma
verðmætasköpun að leiðarljósi

Við erum **umbreytingafjársfestar**
með skýrt markmið að styðja
við öflug teymi stjórnenda og frumkvöðla
þegar kemur að **þróun og uppbyggingu**
fyrirtækja og viðskiptahugmynda

1H 2023

ÚR FJÁRFESTAKYNNINGUM 2022:

„Endurskipulagning
verslunarhluta
Orkunnar í skoðun“

Lyfjaval

Orkan kaupir Lyfjaval að fullu

Heimkaup

Gréta María ráðin forstjóri
Heimkaupa. Tilkynnt um kaup á
verslunum Orkunnar og Lyfjaval

„Áhersla á umbreytingar
og aukna arðsemi í
skráðum eignum“

VÍS

Sameining VÍS og Fossa,
stofnun SIV eignastýringar og
nýtt stjórnendateymi

Kaldalón

Við birtingu árshlutauppgjors 31.
ágúst n.k. hefur félagið náð
tveimur af fjórum markmiðum
fyrir skráningu á aðalmarkað

„Uppbygging á leiðandi
þjónustufyrirtæki við
atvinnulífið með
samstarfsaðilum“

Klettur

Kaupin á Kletti frágengin


Styrkás

Eignarhaldsfélag Skeljungs og Kletts
Markmiðið er að byggja upp alhliða
þjónustafélag við atvinnulífið

Horn IV

sterkur meðfjárfestir
Horn IV gerði áskriftarsamning að nýju
hlutafé í Styrkás fyrir andvirði 3.500 m.kr.
og verður við það eigandi að 29,54% af
heildarhlutafé félagsins

„Markmið að minnka
vægi jarðefnaeldsneytis
í eignasafni“



Orkufelagið

Uppgjöri vegna sölu á hlutum í
SP/F Orkufelaginu lokið 3.8.2023

„Þátttakandi í
orkuskiptunum“

Orkan

Fyrsta hraðheðslustöðin opnaði
á Birkimel í júlí, áætlað að opna
16 stöðvar næstu 12 mánuði

Vetnisfélagið

Hluta fjárfélagningu í Íslenska
Vetnisfélaginu er lokið og
undirbúningur uppbyggingar á 4
vetnisstöðvum hafin

Eignasafn

28%

NEYTENDA-
MARKAÐUR

ORKAN (100%)

Löður
Íslenska vetnisfélagið
Straumlind

Heimkaup (81%)

Lyfjaval
10-11
EXTRA
Veitingar og bakarí

20%

FYRIRTÆKJA-
MARKAÐUR

STYRKÁS (70%)*

Skeljungur
Klettur

17%

FASTEIGNIR

KALDALÓN (15,37%)

REIR ÞRÓUN (50%)

Aðrar fasteignir
og lóðir

12%

HANDBÆRT FÉ OG
RÍKISSK. BRÉF

8%

FJÁRMÁLA-
MARKAÐUR

VÍS (9,25%)

**AÐRAR
SKRÁÐAR
EIGNIR**

7%

INNVIÐIR

GALLON (100%)

7%

EIGNIR Í
SÖLUFERLI

**SP/F
ORKUFELAGIÐ**
(48,3%)**

*STYRKÁS áreiðanleikakönnun í gangi og fyrirvari um samþykki Samkeppniseftirlitsins

**SP/F ORKUFELAGIÐ uppgjör viðskipta fór fram 3. ágúst 2023

Styrkás

„ Uppbygging á þjónustufyrirtæki við atvinnulífið hafin “

Styrkás



SAMSTÆÐA
2023 Á

Framlegð

6.632 m.kr.

EBITDA

1.981 m.kr.

HORN IV FJÁRFESTIR FYRIR 3,5 MA.KR. OG EIGNAST 29,5% HLUT

VERÐMAT BYGGIR Á KAUPVERÐI

- Kaupverð miðast við að heildarvirði samstæðunnar sé 11.200 m.kr. og virði eiginfjár 8.350 m.kr.
- Horn IV slhf., framtakssjóður í stýringu Landsbréfa hf. gera áskriftarsamning að nýju hlutafé í Styrkás að andvirði 3.500 m.kr. (29,54%)
- Bókfært virði byggir á kaupverði. Virði eigin fjár eftir hlutafjáraukningu er 11.850 m.kr. og SKEL mun þá eiga 69,8% í Styrkási

HUGMYNDAFRÆÐIN

- Nýtt leiðandi fyrirtæki með vöru og þjónustu við atvinnulífið
- Sterkur vöxtur í lykil atvinnuvegum svo sem; orkuframleiðslu, innviðauppbýggingu, ferðaþjónustu, fiskeldi og stóriðju
- Aukin eftirspurn eftir sérhæfðri þjónustu og tækjabúnaði (e. as a service)
- Tækifæri til staðar að sameina minni þjónustuaðila í eina sterka heild

FRAMTÍÐARSÝN

- Byggja ofan á sterkar stoðir og útvíkka starfsemi með auknu vöruframboði og þjónustu með viðskiptavinum í forgrunni
- Áhersla á innri vöxt og hnitmiðaðar yfirtökur og samstarf
- Vinna verkefnið með samstarfsaðilum sbr. Horni IV framtakssjóði
- Sterkt hluthafasamkomulag, þar sem stefnt er að skráningu í Kauphöll 2027

Virði eigin fjár (69,8%)

8.266 m.kr.

Eignarhlutir

100% Skeljungur
100% Klettur – S&P

Heimkaup

„Byggja upp áskoranda á smásöllumarkaði“

GRÉTA MARÍA RÁÐIN
FORSTJÓRI 1. JÚNÍ 2023

ÁÆTLUÐ
VELTA 2023 **3,5 ma.kr.**

heimkaup

LYFSALA

Lyfjaval

ÞÆGINDA-
VERSLANIR

1011 EXTRA
heimkaup

VEITINGAR

gló SBARRO
BRAUÐ
co

6,5 ma.kr.

1 ma.kr.

Áætluð velta 2023

11 ma.kr.

Verslanir

19

Viðskiptavinir

+100 þús.
á póstlista

Stöðugildi

156

KAUP Á LYFJAVAL OG VERSLUNUM ORKUNNAR

- Bókfært verð er 4.099 m.kr. (þar af var verðmæti Lyfjaval 2,5 ma.kr. um sl. áramót)
- Kaupverðið er greitt nýjum hlutum í Heimkaupum
- Norvik og HIBB holding fjárfesta fyrir 500 m.kr. í reiðufé.
- Áætlun um allt að 1,5 ma.kr. hlutafjárukningu til að fjármagna ytri vöxt

SAMSTÆÐAN EFTIR KAUP


- 7 apótek Lyfjaval
- Vörumerki, vefverslun og viðskiptavild Heimkaupa, þ.m.t. upplýsingar um 100þ+ notendur
- 9 þægindaverslanir m.a. undir merkjum 10-11
- 8 bakarí Brauð og co. ehf., 38% hlutur, Gló 2 veitingastaðir og 23% eignarhlutur í Sbarro
- Til lengri tíma verða verslunareiningar almennt í 100% eigu Heimkaupa og Heimkaup gegna hlutverki móðurfélags

FRAMTÍÐARSÝN

- Markmið hluthafa er að byggja upp öflugt félag á smásöllumarkaði með dreifðar tekjur
- Ná fram einföldun, betri innkaupum, hagræðingu og lægri einingarkostnaði
- Horft er bæði til innri og ytri vaxtar
- Endurskipulagningu að ljúka og stefnt að skráningu eftir 5 ár
- Gerum ráð fyrir að kynna félagið betur í vetur og fá inn fleiri hluthafa

Orkan

„Þjónusta við ökutæki með einföldum hætti“



VERSLANIR SELDAR EFTIR STENDUR EINFALT VIÐSKIPTAMÓDEL MEÐ LITLA YFIRBYGGINGU

SAMSTÆÐA
2023 Á

Framlegð
4.109 m.kr.

EBITDA
1.897 m.kr.

Heildarvirði eigin fjár
7.462 m.kr.

72 Orkustöðvar
15 þvottastöðvar
18 fasteignir
38 stöðugildi

TILGANGUR FÉLAGSINS

- Félag sem þjónustar ökutæki með;
- Einföldum hætti
 - Góðu aðgengi (e. network effect)
 - Snjallri þjónustu
- Það verður að vera hægt að gera með;
- Skala
 - Tækni

SNJÖLL ÞJÓNUSTA

- Snjallar greiðslulausnir, Orkan kynnti nýlega til leiks orkulykilinn í wallet
- Gassjálfsalar
- Rúðuvökvasjálfsalar
- Hraðari hleðsla – 16 hraðhleðslustöðvar næstu 12 mánuði
- Ódýrara rafmagn á nóttunni með Straumlind

FRAMTÍÐARSÝN

- Þátttakandi í orkuskiptum
- Hvort sem ökutækið þarf orku, þrif eða aðra algenga þjónustu mun félagið bjóða upp á þjónustu sem sinnir þörfum þess
- Fjárfestingar næstu 3 árin í hraðhleðslu, vetni og betri þvottastöðvum um land allt
- Hlutafjárukningu í Íslenska Vetnisfélaginu er lokið og undirbúningur uppbyggingar á 4 vetnisstöðvum í undirbúningi.

Skráð félög

KALDALÓN (15,37%) 2.464 m.kr.

SKEL hefur gegnt stefnumarkandi hlutverki í uppbyggingu á Kaldalóni sem fjórða íslenska fasteignafélaginu á markaði. Við teljum að áherslur félagsins um einfaldan rekstur, einfaldleika í eignasafni og lágmarksyfirbyggingu verði farsælar til lengri tíma.

Félagið lauk nýverið þeim áfanga að gefa út skuldabréfamma fyrir skuldaskjöl. Það er stórt skref til þess að félagið geti aflað sér markaðsfjármögnunar á seinni stigum. Haft var eftir forstjóra Kaldalóns í sömu tilkynningu að áætlanir stjórnenda geri ráð fyrir að markmiðum stjórnar fyrir skráningu verði náð á þessum ársfjórðungi og undirbúningur undir skráningu hefjist í framhaldinu.

Staða SKEL í Kaldalóni hefur aukist frá áramótum um 300 m.kr. að nafnvirði og hefur lækkað að markaðsvirði um 302 m.kr. frá áramótum.

VÍS (9,25%) 2.747 m.kr.

SKEL hefur áhuga á að taka þátt í þeirri vegferð sem stjórn félagsins markaði um breytingu úr rótgrónu tryggingafélagi í vaxtafyrirtæki á fjármálamarkaði. Þótt stærrí tjón og hækkandi vextir hafi áhrif á afkomu félagsins erum við ánægð með að á stuttum tíma hefur verið sett á laggirnar eignastýring og sjóðarekstur hjá SIV, sameining við Fossa fjárfestingarbanka hf. var samþykkt með afgerandi stuðningi hluthafa og félagið hefur tilkynnt að viðsnúningur hafi verið í sölu eftir 6 ára samfelldan samdrátt í sölu.

Við teljum að upphaflegar ástæður fyrir fjárfestingunni séu fyrir hendi. Félagið er í ákjósanlegri stöðu til að vaxa umfram markaðinn þar sem vörumerkið er sterkt, fjöldi viðskiptavina er verulegur, efnahagur félagsins er sterkur og fjárfest hefur verið verulega í innviðum félagsins undanfarna ár. Þá hefur stjórnendum félagsins tekist að laða að félaginu öflugra stjórnendur undanfarna mánuði.

Staða SKEL í VÍS er óbreytt frá áramótum, 157 m.kr. að nafnvirði og hefur hækkað að markaðsvirði um 111 m.kr. frá áramótum.

Fjárhagsupplýsingar

Rekstur 1H 2023

REKSTRARREIKNINGUR 1.1.-30.6.23

<i>M.kr.</i>	1H 2023	1H 2022
Gangvirðisbreyting fjáreigna	2.065	496
Fjármunatekjur (-gjöld)	287	302
Aðrar tekjur	73	6.051
Fjárfestingatekjur	2.424	6.849
Laun og launatengd gjöld	(266)	(406)
Önnur rekstrargjöld	(141)	(230)
Rekstrargjöld	(407)	(636)
Hagnaður fyrir skatta	2.017	6.213
Tekjuskattur	43	(1.274)
Hagnaður tímabilsins	2.060	4.939

Hagnaður tímabilsins

2.060 m.kr.

REKSTRARGJÖLD
Á ÁRSGRUNDEVELLI, TEKIÐ
TILLIT TIL KAUPRÉTTA

GANGVIRÐISBREYTING
ÓSKRÁÐRA EIGNA

GANGVIRÐISBREYTING
SKRÁÐRA VERÐBRÉFA

2% af eigin fé

2.189 m.kr.

(124) m.kr.

Breytingar á gangvirði

YFIRLIT GANGVIRÐISBREYTINGA

Orkan	2.601
Löður	(74)
Lyfjaval	331
Styrkás – Skeljungur – Klettur	(724)
Kaldalón	(302)
Gallon	(47)
Vís	111
Annað óskráð	102
Annað skráð	67
	2.065 m.kr.

BREYTINGAR ORKAN

Orkan – Löður - Lyfjaval 31.12.22	8.671
Gangvirðisbreyting Lyfjavals	331
Lyfjaval og verslanarekstur seldur	(4.067)
Gangvirðisbreyting Orkan	2.601
Gangvirðisbreyting Löður	(74)
Verðmat Orkan - Löður 30.6.2023	

7.462 m.kr.

FORSENDUR GANGVIRÐISBREYTINGA



Orkan er verðmetin án verslunarreksturs sem var seldur til Heimkaupa á tímabilinu

Áherslur Orkunnar um lægri rekstrarkostnað, einfaldara rekstrarmódel og lágt verð hafa leitt til þess að EBITDA er hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Stjórnendaáætlanir voru því uppfærðar fyrir verðmatið og áætlað að EBITDA fyrir árið 2023 verði 1.648 m.kr.



Löður var aðeins undir áætlun sem skýrist helst af framkvæmdum sem hafa tafist á nýjum og stærri þvottastöðvum en gert er ráð fyrir að þær opni nú á seinni helmingi ársins



42% hlutur í **Lyfjaval** var keyptur í mars síðastliðnum en til staðar voru kaup- og söluréttarsamningar um hlutinn sem höfðu áhrif á verðmæti. Kaupverðið var 331 m.kr. lægra en bókfært virði félagsins um síðustu áramót



Styrkás: kaupverð miðast við að heildarvirði samstæðunnar sé 11.200 m.kr. og virði eigna 8.350 m.kr.

Horn IV slhf., framtakssjóður í stýringu Landsbréfa hf. gera áskriftarsamning að nýju hlutafé í Styrkás að andvirði 3.500 m.kr. (29,54%)

Bókfært virði byggir á kaupverði. Virði eigin fjár eftir hlutafjárukningu er 11.850 m.kr. og SKEL mun eiga 69,8% í Styrkási að hlutafjárukningu lokinni



Gallon var á áætlun á fyrri helming ársins. Uppfært verðmat er 47 m.kr. lægra en eldra verðmat. Á fyrri árshelmingi greiddi Gallon 80 m.kr. í arð til SKEL

Efnahagsreikningur 30.6.2023

Arðsemi eigin fjár á tímabilinu

12,5%


EFNAHAGUR 30.6.2023

EIGNIR M.KR

M.kr.	30.6.2023	31.12.2022
Handbært fé	3.904	4.731
Ríkisskuldabréf	1.008	2.116
Skráð verðbréf	5.876	4.921
Seldar fjáreignir á gangvirði	2.917	0
Aðrar fjáreignir á gangvirði	24.627	23.137
Fjárfestingafasteignir á gangvirði	1.140	690
Aðrar eignir	2.603	2.910
Eignir samtals	42.074	38.505
Eigið fé	34.946	33.430
Skuldir við lánastofnanir	2.806	2.515
Tekjuskattsskuldbinding	2.014	2.014
Aðrar skuldir	2.308	547
Skuldir samtals	7.127	5.075
Eigið fé og skuldir samtals	42.074	38.505

8.266 Styrkás	4.911 Handbært fé og ríkisskuldabréf	2.917 Orkufelagið	2.873 Gallon
		2.747 vís	2.464 Kaldalón
7.462 Orkan, Löður	4.099 Heimkaup, Lyfjaval		2.623 Fasteignir og lóðir
			1.294 Lán, kröfur og aðrar eignir
			Aðrar skráðar eignir 665

Yfirlit eigna



56%

Eigna bókfærðar á skráðu verði eða
m.v. nýleg viðskipti á milli ótengdra aðila

HANDBÆRT FÉ OG SKRÁÐAR EIGNIR

Handbært fé og ríkisskuldabréf	4.911
Vís	2.746
Kaldalón	2.463
Aðrar skráðar eignir	709

10.830 m.kr.

BYGGT Á NÝLEGUM VIÐSKIPTUM MILLI ÓTENGÐRA AÐILA

Styrkás (Skeljungur og Klettur)	8.266
Sp/f Orkufelagið	2.917
Klettagarðar	1.023
Fasteign - Barónsstígur 2-4	450

12.656 m.kr.

VERÐMÖT

Orkan, Löður	7.461
Heimkaup, Lyfjaval, 10-11 o.fl.	4.099
Gallon	2.873
Reir þróun	1.753
Lán, kröfur og aðrar eignir	1.250
Fasteignir	1.149

18.587 m.kr.

Í stuttu máli

SAMANTEKT

Rekstrarfélögin sem áður mynduðu Skeljung ganga vel

Meirihluti eigna félagsins er nú verðmetinn út frá þekktu markaðsvirði eða á grundvelli viðskipta milli ótengdra aðila

Salan á S/pf Orkufelaginu lokið
Söluréttur þó ennþá til staðar og lán að upphaflegri fjárhæð um 460 m.kr.

FRAMUNDAN

Uppbygging Styrkás er farin vel af stað með samstarfi við Horn og er full fjármögnuð til millilangs tíma

Félagið horfir m.a. til að auka fjárfestingar í skráðum bréfum, til Norður-Evrópu og á fasteigna-markaðinn næstu misseri

Lausafjárstaðan er sterk og hluti skráðra eigna, sem í eðli sínu má selja með skömmum fyrirvara mun aukast

Spurningar?

Nánari upplýsingar veitir:

fjarfestar@skel.is

Ítarefni

Aðferðafræði verðmats

Þau félög sem ekki hafa verið hluti af nýlegum viðskiptum voru verðmetin, en það eru Orkan, Löður, sem er hluti af Orkunni, og Gallon. Ráðgjafasvið Kviku banka var ráðið til verksins og fóru verðmatssérfræðingar bankans yfir afkomu félaganna á fyrri helmingi ársins og báru m.a. saman við þær áætlanir sem lágu til grundvallar í upphafi árs. Þegar frávík voru veruleg þá voru framtíðaráætlanir félaganna aðlagðar.

Aðferðafræði

Við mat á gangvirði félaga í eigu SKEL var stuðst við sjóðstreymisgreiningu (e. *Discounted Cash Flow DCF*) og bæði notað frjálst fjárstreymi til fyrirtækis (e. *Free Cash Flow to Firm FCFF*) og arðgreiðslulíkan (e. *Dividend Discount Model DDM*).

Virðismatið er að miklu leyti byggt á rekstraráætlun stjórnenda ásamt samtölum stjórnenda og verðmatsaðila.

Spástærðir eru margar hverjar byggðar á raunbreytingu undirliggjandi stærða og í kjölfarið er innbyggt verðbólguálag áhættalausra vaxta notað sem mat á framtíðarverðbólgu í fjárstreymi.

Allar rekstartölur eru án IFRS16 í þessari kynningu

Áhrifin af því eru að leigusamningar eru gjaldfærðir meðal rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi og lækka EBITDA í stað þess að nýtingarrétturinn sé gjaldfærður með afskriftum og vextir gjaldfærðir meðal fjármagnsliða eins og IFRS16 staðallinn gerir ráð fyrir.


Orkan – verðmat

ÁN LÖÐURS, LYFJAVALS OG VERSLUNARREKSTURS

NIÐURSTAÐA VERÐMATS
VIRÐI EIGINFJÁR 5,7 MA.KR



SKEL



AFKOMA OG SPÁ

	2023 1HR+2HS	2024S
Framlegð	3.633	3.450
EBITDA	1.648	1.461
EBIT	1.217	816
Afskriftir	431	645
Fjárfestingar	601	999
Breyting í NWC	(62)	(56)
EBITDA/Framlegð	45,4%	42,3%
Fjárf./Framlegð	16,5%	29,0%
ROIC	21,3%	13,3%


ÁVÖXTUNARKRÖFUR NAFNVIRÐI

WACC	12,2%
Markskuldsetning	40,0%

ÁHRIF Á VERÐMÆTI


- + Rekstrarbati
- + Einfalt módel
- + Aukin markaðshlutdeild
- Fjárfestingar vegna orkuskipta
- Raunvöxtur framlegðar áætlaður 0% til framtíðar

KENNITÖLUMARGFELDI 2023S



Löður – verðmat

NIÐURSTAÐA VERÐMATS
VIRÐI EIGIN FJÁR 1,75 MA.KR.



AFKOMA OG SPÁ

	2023 1HR+2HS	2024S
Tekjur	840	1.088
EBITDA	249	411
EBIT	149	307
Afskriftir	100	85
Fjárfestingar	1.030	460
Breyting í NWC	(84)	(210)
EBITDA/Tekjur	29,6%	37,8%
Fjárf./Tekjur	122,6%	42,3%
ROIC	18,8%	20,6%


ÁVÖXTUNARKRÖFUR NAFNVIRÐI

WACC	13,6%
Markskuldsetning	30,0%

ÁHRIF Á VERÐMÆTI

- + Tækifæri til vaxtar
- + Vörumerkið
- + Aukin umhverfisvitund
- Fjárfestingar
- Samkeppni við heimaþvott
- Samdráttur í hagkerfi

KENNITÖLUMARGFELDI 2023S




Gallon – verðmat



SCEL

NIÐURSTAÐA VERÐMATS
VIRÐI EIGIN FJÁR 2,9 MA.KR.



AFKOMA OG SPÁ

	2023 1HR+2HS	2024S
Tekjur	580	682
EBITDA	275	353
EBIT	161	234
Afskriftir	114	119
Fjárfestingar	80	86
Breyting í NWC	(56)	(3)
EBITDA/Tekjur	47,4%	51,8%
Fjárf./Tekjur	13,8%	12,6%
ROIC	10,4%	15,0%


ÁVÖXTUNARKRÖFUR NAFNVIRÐI

WACC	11,2%
Markskuldsetning	50,0%

ÁHRIF Á VERÐMÆTI

- + Betri nýting
- + Öryggisbirgðir
- + Geymsla rafeldsneytis
- Orkuskipti yfir í rafmagn
- Vannýtt fjárfesting

KENNITÖLUMARGFELDI 2023S



Fyrirvari

SKEL fjárfestingafélag vekur athygli á því að kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingargjafar og skal móttaka hennar ekki vera talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf. Þá má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka kynninguna sem loforð um árangur í rekstri félagsins eða um ávöxtun fjármuna.

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar þessi kynning er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, fjárhagslega áhættu, olíuverðsáhættu og aukna samkeppni.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.